

En áður en lagður er úrskurður á málið fyrir fullt og allt, höfum vér viljað heyra álit yðar um þetta efni, og skal því um leið við bætt, að eins og vikið er á hér að framan mun ekki verða neitt fè til á þessu fjárhagsári til þess að gefa bókina út.

1867.

8 júní.

28. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um afnot Arnheiðarstaða í Norðurmúla-sýslu.

15. júní.

Eins og yður mun vera kunnugt, háæruverðugi herra, sendi alþingi 1859 konungi þegnlega bænarskrá um betri stjórn og

hugsa til að koma út með 1200 rd. styrk úr opinberum sjóði latínskri orðabók með íslenskum þýðingum, verð jeg að viðurkenna, og þykir mér þá dævel tilfallið, að gefin sé út (ekki lögð út) handa Íslandi mátuleg latínsk lestrarbók með orðasafni, er eigi við efni hennar, með íslenskum þýðingum. Það er undir því komið að fá lestrarbók, er hafi margbreytt efni inni að halda og þá um leið flest þau orð, sem venjulegast koma fyrir. Latínsku lestrarbækurnar, sem hér hafa verið gefnar út, eru ekki sérlega vel fallnar til þessa, af því að á þeim er, mjög á móti mínum vilja, of málfræðislegt snið, og ætlazt er til, að þær þræði og skýri með dæmum hverja einstaka reglu málfræðinnar. Þó held jeg, að lestrarbók W. A. Borgens, prófessors, með orðasafni aptanvið, yrði helzt lögð til grundvallar. Samt væri gott, að einhver eða einhverjar af hinum betri latínsku kennslubókum, sem nýlega hafa komið út á þýzkalandi, og nóg er til af, en jeg ekki þekki sérstaklega, væru hafðar til samanburðar af þeim, sem tekst þetta starf á hendur; ef jeg fæ að vita, hver það verður og hann vill það, þá er jeg fús á að kynna mér og velja handa honum nokkrar lestrarbækur, sem mest eru brúkaðar, og benda honum á, hvað mér virtist helzt yrði notað. Orðasafnið yrði (eins og Borgen vikur á) að vera svo fullkomið, að ekkert orð, sem mjög er almennt og opt kemur fyrir, vanti, líka mætti ef til vill hafa sérstaka hliðsjón af nokkrum bókum í Cæsar. Lestarbókin verður að hafa inni að halda svo mikið samhangandi efni, dæmisögur og smásögur, sem verður, en ekki nema hið allranaudsýnlegasta handa viðvaningum af lausum málsgreinum og orðskviðum.

1867.

15. júní.

afnot jarða þeirra á Íslandi, sem lagðar eru til guðspakka og nefndar eru kristfjárjarðir, og með konungsúrskurði 31. f. m., sem birtur er með auglýsing dómsmálastjórnarinnar 3. þ. m., var fallt á uppástungur alþingis um kristfjárjarðir þær, sem það hafði tilgreint, allar nema Arnheiðarstaði í Norðurmúlasýslu og Sómastaði í Suðurmúlasýslu; í tilliti til þeirra virtist kirkju- og kennslustjórninni samkvæmt því, sem þær höfðuð skýrt frá í bréfi yðar til dómsmálastjórnarinnar dagsettu 3. októbermán. f. á., ekki nægar ástæður til að mæla fram með, að gjörðar væru ráðstafanir þær, sem alþingi hafði farið fram á. En með því að skýrsla yðar í tæðu bréfi ber með sér, að þar sem Arnheiðarstaðir samkvæmt konungsbréfi 21. febrúarmán. 1766 eru lagðir prestsekkju í Valþjófsstaðar brauði til ábúðar með því skilyrði, að hún haldi kristfjármann, en að afgangið af jörðinni, þegar engin ekkja er í brauðinu, skuli ganga til prestsins þar með því skilyrði, að hann annist kristfjármanninn, þá hefir farið svo, að presturinn á Valþjófsstað ávallt hefir haft umráð yfir jörðinni, og, eins og þar segir, látið afgangið og framfærslu kristfjármannsins fallast í faðma, en ábúandinn á heimajörðinni hefir aptur byggt hverja hjáleiguna um sig með 60 álna landskuld, og með því að slík notkun greindrar kristfjárjarðar ekki verður álitin samkvæm fyrirmælum konungsbréfsins 21. febrúarmán. 1766 — eruð þér beðnir að sjá um, að fyrirmælum konungsbréfsins verði fylgt framvegis, þannig, að prestsekkja í Valþjófsstaðar brauði fyrst og fremst fái jörðina til ábúðar, og að brauðið, ef engin prestsekkja er í því, njóti ágóðans af jörðinni afdráttarlaust.

25. júní.

29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um rit Hjaltalíns jústizráðs um barnaveikina og taugaveikina.

Í bréfi dagsettu 27. nóvembermán. f. á. hafði þér, herra amtmáður, skýrt frá, að þér eptir samkomulagi við Hjaltalín, jústizrád og landlækni, hafði hlutast til um, að stofnaðar verði